


AÐ KLÆÐAST HLÍFÐARBÚNAÐI

Sjúklingur með grun um eða greindan COVID-19 sjúkdóm




1. Hreinsið hendur



2. Farið í margnota gulan slopp eða einnota slopp

Sloppur hnepptur/bundinn aftan á hálsi og á mittissvæði



3. Setjið upp fínagnagrímu

Að lágmarki FFP2/N95 með eða án ventils. Opnið grímuna vel og komið henni haganlega fyrir undir höku og yfir nef. Efri teygja er sett fyrir ofan eyru og sú neðri fyrir neðan. Mótið málmklemmuna að nefinu.




Prófið þéttleika grímunnar á eftirfarandi hátt:


- Haldið með báðum höndum meðfram brúnum grímu.
- Gríma **án** ventils: andað af krafti **frá** sér.
- Gríma **með** ventil: andað af krafti **að** sér.
- Ef loft lekur út framhjá grímu við nef, þarf að þétta betur þar.
- Ef loftleki er með brúnum grímunnar þarf að laga teygjur.
- Ef gríman er ekki þétt á ekki að fara inn til sjúklings.

4. Setjið upp andlitshlíf eða hlífðargleraugu

- Fjarlægið plastfilmu af fyrir notkun.
- Gætið þess að hlífðargleraugu/andlitshlíf liggi vel/þétt.
- Hlífðargleraugu veita hugsanlega betri vörn en andlitshlíf.



5. Farið í hanska og látið þá ná vel yfir stroffið á sloppnum




FARIÐ ÚR HLÍFÐARBÚNAÐI

Eftir að sjúklingi með grun um eða greindan COVID-19 sjúkdóm er sinnt. Hreinsið hendur á milli hvers skrefs ef minnsti möguleiki er á að hendur mengist. Þar sem fordyri er ekki til staðar eru hlífðargleraugu/andlitshlíf og fínagnagríma fjarlægð þegar komið er út úr einangrunarherbergi



1. Farið úr hönskum

- Tekið er í fyrri hanskannt utanvert ofarlega.
- Hanskinn er dreginn af hendi og snúið við í leiðinni.
- Hanskinn er geymdur í hansaklæddu hendinni.
- Farið er með fingur innanvert í seinni hanskannt.
- Hanskinn er dreginn af þannig að hann hvolfist yfir hanskannt sem haldið er á.
- Sprittið hendur.




2. Fjarlægð andlitshlíf/hlífðargleraugu

- Fremsti hlutinn er mest mengaður, gætið þess að snerta hann ekki.
- Takið í teygju að aftan eða við gagnaugu og gætið þess að ytra byrði snerti ekki augu.



3. Farið út sloppnum - framhlið og ermar eru mest mengaðar

- Losið bönd/hnappa.
- Dragið sloppinn niður frá öxlum og gætið þess að snerta aðeins innri hlið sloppsins.
- Leggið sloppinn saman þannig að menguð framhlið snúi inn og innri hlið snúi út (inside out).
- Rúllið upp í vöndul og setið í óhreint lín eða rusl (sóttmengað brennist).



4. Takið niður fínagnagrímu

- Fremsti hlutinn er mest mengaður, gætið þess að snerta hann ekki.
- Takið í neðri teygju að aftan og lyftið yfir höfuð.
- Takið í efri teygju að aftan og lyftið yfir höfuð og hendið grímu.



5. Hreinsið hendur

